



SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS

ICELANDIC SKI ASSOCIATION

Stjórn SSH

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Hamraborg 9
200 Kópavogi

pallbg@ssh.is

Akureyri, 25. október 2023

Ályktun Skíðapings um aðstöðu til æfinga og keppni í Skálafelli

Ágæta stjórn SSH

Á þingi Skíðasambands Íslands sem haldið var á Sauðárkróki dagana 20. og 21. október sl. var hjálögð ályktun samþykkt samhljóða.

Skíðafólk um allt land hefur áhyggjur af aðstöðumálum almennt, sérstaklega ef ekki verður hægt að stunda æfingar og keppni í Skálafelli í vetur. Ljóst er að ef ekki verður opnað þar í vetur verður ekki hægt að halda Skíðalandsmót Íslands eða nein alþjóðleg mót á suðvesturhorni landsins þar sem um 80% íbúa landsins búa.

Stjórn SKÍ tók ákvörðun um að halda Skíðalandsmót í Bláfjöllum og í Skálafelli að undangengnu samtali væntanlegs mótshaldara við starfsfólk skíðasvæðanna. Þar var hún fullvissuð um að hægt væri að halda stórsvigmót í Skálafelli í vetur. En það er ekki raunin skv. nýjustu upplýsingum.

f.h. Skíðasambands Íslands
Jónas Egilsson,
framkvæmdastjóri



Afrit sent til formanns Skíðaráðs Reykjavíkur og Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.



Áskorun Skíðapings um opnun skíðasvæðis í Skálafelli í vetur

Svohljóðandi ályktun var einróma samþykkt á þingi Skíðasambands Íslands sem haldið var á Sauðárkróki 20. og 21. október sl.

Skíðaping Skíðasambands Íslands haldið á Sauðárkróki 20.-21. október 2023 skorar á Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðisins að tryggja rekstur Skálafells á komandi vetri. Í fundargerð frá stjórnarfundum SSH 16. október síðastliðinn kemur fram að búið er að fresta framkvæmdum við uppbyggingu í Skálafelli ásamt því að opnun Skálafells verði tilfallandi. Í Skálafelli er eina löglega keppnis brekkan í stórsvigi á suðvesturhorni landsins. Næstkomandi vetur er gert ráð fyrir að halda 90 ára afmælistótt skíðadeildar KR ásamt Skíðalandsmót Íslands. Mótin eru alþjóðleg og kominn á keppnisdagatal FIS.

Ákvörðun SSH um að hafa aðeins tilfallandi opnun í Skálafelli setur þessi áorm í algjöra upplausn þar sem ekki eru löggildar brekkur í Bláfjöllum til að halda þessi mót. Það hefur gríðarleg áhrif ef skíðafélögin á höfuðborgarsvæðinu geta ekki haldið mót sem standast kröfur.

Skíðaping Skíðasambands Íslands skorar á SSH að endurskoða ákvörðun sína og tryggja opnun Skálafells á komandi vetri.